

Fréttatilkynning frá Hafrannsóknastofnuninni: Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum í mars 2009

Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum (vorrall) fór fram í 25. sinn dagana 28. febrúar til 20. mars. Fimm skip tóku þátt í verkefninu; togararnir Bjartur NK, Ljósafell SU og Páll Pálsson ÍS, og rannsóknaskipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson. Alls var togað á tæplega 600 rallstöðvum allt í kringum landið. Veður var þokkalegt víðast hvar ef undan eru skildar skammvinnar brætur, en á Vestfjarðamiðum urðu þó frátafir vegna langvarandi norðaustanáttar. Hér á eftir er samantekt á þeim niðurstöðum sem liggja fyrir.

Hitastig

Hitastig sjávar við botn mældist að meðaltali fremur hátt líkt og undanfarin ár, en þó lægra en árin 2003-2006. Víðast hvar var sjávarhiti allt að 1°C yfir meðaltali árána 1985-2008. Á dýpri hluta rannsóknasvæðisins fyrir norðan land og á Íslands-Færeyjahrygg var hitastig víða undir meðaltali (1. mynd).

Þorskur

Stofnvísitala þorsks hækkaði um 9% frá mælingunni 2008 (2. mynd). Hækkun vísitölunnar frá fyrra ári má einkum rekja til þess að meira fékkst af þorski á bilinu 65-80 cm. Þetta kemur vel fram í lengdardreifingu þorsksins sem sýnir jafnframt að minna er nú af 50-60 cm þorski (3. mynd). Þegar lengdardreifingin í ár er borin saman við meðaltal árána 1985-2009 kemur í ljós að nú er meira af þorski stærri en 65 cm en mun minna af 20-65 cm þorski. Fyrsta mat á stærð 2008 árgangs þorsks bendir til að hann sé sterkur. Þess ber þó að geta að reynslan sýnir að fyrsta mat á stærð árgangs er háð verulegri óvissu. Þessa árgangs verður fyrst vart í veiðinni árið 2012.

Mest fékkst af þorski djúpt út af Norður- og Norðausturlandi, í Hvalbakshalla fyrir suðaustan land og á Halamiðum (4. mynd).

Vísitala stórþorsks (9-11 ára - árgangar 1998-2000) mælist svipuð og í fyrra en 68% hærri en hún var að meðaltali árin 2001-2008. Það er í samræmi við fyrra mat á hlutdeild þessara árganga í stofni og góð aflbrögð á vertíð sunnan- og suðvestanlands. Bráðabirgðastofnmat, byggt á vísitölum úr stofnmælingunni og aldursgreindum afla, bendir til að stofnstærð þorsks í ársbyrjun 2009 hafi verið mjög svipuð og áður hefur verið áætlað.

Meðalþyngd eftir aldri mældist lág eins og undanfarin ár. Þrátt fyrir það var holdafar þorsks (slægð þyngd miðað við lengd) við sunnanvert landið heldur betra en undanfarin ár og lifrarstuðull sá hæsti frá upphafi. Við norðanvert landið voru holdafar og lifrarstuðull svipuð og undanfarin ár, en undir meðaltali árána frá 1993, þegar vigtanir hófust.

Heldur minna var af loðnu í mögum 40-60 cm þorsks en undanfarin ár, en svipað í 70-100 cm þorski. Mest var af loðnu í þorski fyrir sunnan, suðvestan og norðvestan land, en lítið á Vestfjarðamiðum (5. mynd). Talsvert fékkst af 1 árs loðnu í þorskmögum fyrir norðaustan land.

Ýsa

Stofnvísitala ýsu lækkaði um fjórðung frá mælingunni 2008 og er nú innan við helmingur af meðaltali árána 2003-2007 þegar hún var í hámarki (6. mynd). Lengdardreifing ýsunnar sýnir að fjöldi 25-40 cm ýsu er undir meðaltali en meira er af 45-55 cm ýsu, aðallega vegna stóra árgangsins frá 2003 (7. mynd). Fiskum í þeim árgangi hefur þó fækkað verulega frá síðustu mælingu. Fyrsta mæling á ýsuárganginum frá 2008 bendir til að hann sé lélegur.

Ýsan veiddist á landgrunninu allt í kringum landið (8. mynd), en víðast hvar fékkst minna en árið 2008.

Holdafar og lifrarstuðull ýsunnar var að meðaltali fremur lélegt fyrir norðan land eins og undanfarin ár, en með betra móti fyrir sunnan.

Flatfiskar

Stofnvísitala skarkola var svipuð og árin 2004-2008, en er nú einungis um fjórðungur af því sem hún var í upphafi ralls. Vísitala þykkvalúru mældist há líkt og undanfarin sex ár, en vísitala langlúru hefur farið lækkandi og er nú í meðallagi. Vísitölur sandkola og lúðu eru óbreyttar frá fyrra ári, og hafa aldrei verið lægri í vorralli.

Aðrar tegundir


Stofnvísitala ufsa hefur lækkað frá árinu 2006 og er nú í lágmarki líkt og árin 1996-2001. Vísitala gullkarfa mældist há líkt og verið hefur frá árinu 2003. Öryggismörk mælinganna hafa hins vegar verið víð þar sem tiltölulega mikið af karfaaflaum hefur fengist á fáum stöðvum. Vísitala steinbíts lækkaði um fjórðung og er nú nærri lágmarki, líkt og árin 1995 og 2004-2006. Miðað við síðustu tvær stofnmælingar fékkst minna af 30-70 cm steinbít sem bendir til að nýliðun í veiðistofninn verði fremur léleg á komandi árum. Stofnvísitölur löngu og keilu hafa lækkað undanfarin tvö ár en eru samt háar miðað við árin 1993-2004. Mikið fékkst af skötusel fyrir sunnan og vestan land, eins og undanfarin ár, og stöku fiskar fyrir Norðurlandi.

Að lokum


Niðurstöður mælingarinnar sem hér eru kynntar til bráðabirgða eru mikilvægur þáttur árlegrar úttektar Hafrannsóknastofnunarinnar á ástandi nytjastofna við landið. Lokaúttekt á niðurstöðum og tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflamark fyrir næsta fiskveiðiár verða kynntar í byrjun júní n.k.

Hafrannsóknastofnuninni, 16. apríl 2009


Myndir




1. mynd. Hitastig sjávar við botn í vorralli 2009, sýnt sem frávik frá meðalhita árunna 1985-2008. Grænir, gulir og rauðir litir sýna svæði þar sem hitastig var yfir meðaltali, en á bláum svæðum var hiti undir meðaltali.




2. mynd. Stofnvísitala þorsks í vorralli 1985-2009 og haustralli 1996-2008. Skyggða svæðið og lóðréttu línurnar sýna staðlfrávik í mati á vísitölum.




3. mynd. Lengdardreifing þorsks í vorralli 2009. Til samanburðar er sýnd lengdardreifingin árið 2008 og meðaltal árána 1985-2009.




4. mynd. Útbreiðsla þorsks í vorralli 2009.




5. mynd. Magn loðnu í þorskmögum í vorralli 2009, sýnt sem % af þyngd þorsksins.



6. mynd. Stofnvísitala ýsu í vorralli 1985-2009 og haustralli 1996-2008. Skyggða svæðið og lóðréttu línurnar sýna staðalfrávik í mati á vísitölum.



7. mynd. Lengdardreifing ýsu í vorralli 2009. Til samanburðar er sýnd lengdardreifingin árið 2008 og meðaltal árunna 1985-2009.



8. mynd. Útbreiðsla ýsu í vorralli 2009.